

**Nokkur  
gullfalleg ljóð  
sem Jósefínan sjálf  
hefur frumort**

(4. útgáfa mjög ákaflega  
aukin og endurbætt og  
betri en fyrri útgáfur)



# I. Kapítuli: Fagnaðarljóð

Ég er glöð á góðum degi  
því glóbjört strýkur hár á kinn  
sólin heit á sumarvegi  
og sett er mjólk á diskinn minn.

Kom ég þar sem könguló  
kát í vefi löngum bjó,  
afla- fékk hún föngin nóg,  
flugur veiddi, söng og hló.

Fuglinn segir bí, bí, bí,  
brosir Jósefína.  
Kvöldmatur er kominn í  
kerlinguna mína.

Dátt nú hljómar malið mitt  
- músarskömmin öll -  
til heljar komst hún krílið sitt  
hveljur saup í Gjöll.

## II. Kapítuli: Jólasálmur

Jólakalkún, jólanaut,  
jólamjólk í krúsina,  
jólaostinn, jólagraut,  
jólareð og músina.



### III. Kapítuli: Tregróf

„Mjög er hljótt í söngva sæti“  
sorgir mæða líf og önd  
- fagrar steikur, fiðrað æti  
farið burt í önnur lönd.

Gulri snót er gengið valt,  
galar ljót í veðri spá,  
heimsins grjót svo hart og kalt  
heltir fót og meiðir tá.

Nú er kreppa og eymdarár  
illa vært í landi  
úfinn jökull öskugrár  
„eldi spýr og sandi“  
með ýlfri ljótu úti stár  
óláns tíkarfjandi  
um allar jarðir ógn og fár  
eiga hund í bandi.

### **III. Kapítuli: Erfiljóð**

#### **Whitney Elizabeth Houston (1963 - 2012)**

Í vesturheimi Whitney söng

- valt er lánið manna -  
ævi sumra ekki löng  
eins og dæmin sanna.

Gengið yfir gjallarbrú

- gnauða él og vindur hvín -  
hefðardama hefur nú  
- höfði drúpir Jósefín.

#### **Amy Jade Winehouse (1983 - 2011)**

Veröld finnst mér fækka í

fínum læðum, rófan mín,  
Amy dó og döpur því  
drúpir höfði Jósefín.

## Sylvia Maria Kristel (1952 - 2012)

Sylvía mín kunni bæði'að kitla'og kjá  
-yndi mörgu lofnar- lá  
lögum hjá.

En hart er nú í heimi og ég hörmung frá  
öllu verri en mega „mjá“  
mönnum tjá.

Meinleg örlög merkislæður margar hrjá.  
Brosað aldrei aftur fá  
augun blá.



## IV. Kapítuli: Breiðfjörð

Á sunnu kveikja, himinháa,  
- horfði ég með augunum -  
út um svala unni bláa  
eld í bárulaugunum.

Veiðihárin vindar greiða  
valsar knár úr húsunum  
-fjörðinn klár við Brandur Breiða-  
brátt nær árans músunum.



## V. Kapítuli: Sléttubönd

Tíkur, hunda, sussum svei,  
sumir vini kalla.

Slíkur vaðall, fussum fei,  
fólki sæmir varla.

Léttu rímna skeiði, skott  
skýrleiks, hleypir læða.  
Sléttu böndin flækir flott  
flóka þæfir kvæða.



## VI. Kapítuli: Gaggaravilla

Galdur kann ég, geira syn,  
- gnauða él og vindur hvín -  
menja gná við mækis hlyn  
malar vísukornin sín.



## VII. Kapítuli: Matvæli

Lausn ég hef á lífsgátunni loksins fundið  
í rím og rétta stuðla bundið.

Kisur þurfa camembert og hvítan fiskinn,  
maribo og mjólk á diskinn.

Líst mér jafnan ljúffengt mjög og lystaukandi  
flest sem hér á borð er borið  
en best af öllu finnst mér slorið.

Berín eru fuglafóður  
og fuglar gleðja svangan kött.  
(En éta kött er, guð minn góður,  
gersamlega út í hött.)

Man ég eftir matarlús  
mjólkursopa í fullri krús  
og huggulegri hagamús.

„Áður fyrr á árunum“  
var ætur biti á diskunum  
og kátt var þá hjá kisunum.

„Er nú komið annað snið  
er mig næsta hryllir við“  
það graðgar í sig grænmetið.

Nös á ketti'er naumast í  
nú er ostur fyrir bí  
vondir siðir valda því.



## VIII. Kapítuli: Tíðarfar

Út við naustin endalaust  
ýlustráin vola,  
því komið haustið kaldri raust  
kveður austangola.

Hvorki nær í trýn né tær  
og tæpast hlær á róli sín  
gjólan ær með kaldar klær -  
ég kúri vær í bóli mín.

Ofan gefur snjó á snjó  
snjóað hefur - rófan mín -  
úti skefur yfrið nóg  
inni sefur Jósefín.

Inn ég smó með kalda kló  
því Kári hló með grimmum hvofiti  
og úti í snjó hann illur gó  
yfrið nóg í dimmu lofti.

Þetta skeður ansi oft  
og enga gleður böll og þraut  
þá illsku meður ýfa loft  
önug veður köld og blaut.

Lífs um angurs víðan vang  
voða blautt er þessa daga  
og veðurspáin virðist lang-  
versta heimsins raunasaga.

Gusti kalt og gráni tindur  
gangi yfir landið hret  
huggun er að hafa kindur  
og hollt að borða súpuket.

Út um gluggann áðan fór  
og undrum miklum sætti  
að datt úr lofti dropi stór  
með dularfullum hætti.

## IX. Kapítuli: Útlenskir hættir

Flest er í skjólin nú fokið,  
fjandakorn mér allri lokið.  
Eins og illilegt hvæs  
úti í hraglanda blæs  
ekkisens endemis rokið.

Sæl voru sálin og maginn  
- sól allan liðlangan daginn -  
hjá Múhameð lá  
hún Muezza' og þá  
var aldeilis iðjagrænn haginn.

Hann Brynjólfur bóndi í Flóa  
brokkaði lengst út í móa  
- á járnuðum jó  
yfir jörðina fló -  
og hitti þar hálfgerðan spóa.

## X. Kapítuli: Pólitísk ljóð

Sauðfjárþændur mikils met  
og malandi þeim lofgjörð færi  
enda þurfa kisu ket:  
kótelettur, hrygg og læri.

Þegar Villi kyssir Kötur  
klappa saman lófunum  
allir Bretar úti á götu  
eða dilla rófunum.

Dyndilmenni dásama  
að dauður er hann Ósama  
en mér stendur ásama  
og ætla að fá mér dósama  
t.

Í boltaleikjum Balotelli ber af ljóni  
og blessunin hann Berlúskóni  
er býsna fínn og enginn dóni.

Ef að nú í kosningum fylgi nóg ég fengi  
fjarskalega ánægð og glöð ég yrði þá.  
Ég mala skyldi og kjósendur knúsa vel og lengi  
og kaupa síðan allt sem þá langar til að fá.

Svo verð'ei meira fokking fokk  
og fólkið drepist ekki'úr hor  
hef ég stofnað flottan flokk  
sem flestir ætla'að kjósa'í vor.



## XI. Kapítuli: Dróttkvæði

Kringum trýnið tungu  
teygi vel og sveigi  
kinnar um, og kanna,  
kampalangar, vanga.  
Gestaspjót er gustuk  
góð að nefna í ljóði  
er kattar þvæ ég þvotti  
þófa mína og rófu.

Gott er mjög og mettar  
mjólk hjá góðu fólki  
langri að lepja tungu  
lúra síðan dúr og  
ljúfa láta rófu  
langa undir vangann  
mala svo og mæla  
máttugum í háttum.

Fögur fönguleg og  
fótalipur snótin  
- kampar prýða kempu  
kinn - og ótal sinnum  
tungu lætur langa  
læða þylja kvæði,  
enda skáld og yndi  
allri drótt að kalla.



## XII. Kapítuli: Illar skepnur

Ráðin brugga hundar hér,  
heldur skuggalegir drellir.  
Af þeim stuggur stendur mér,  
styr og uggur kisu hrellir.

Pótt rakkar góli rómi ljótum,  
rummungs dóli úti fól,  
í gulum kjól á fimum fótum  
fetar sól um laut og hól.



## XIII. Kapítuli: Jósefínan sjálf

Víst er slyng á vísnáþingi  
vafin kynngi rófan mín,  
ljóðin hringhend lengi syngi  
-læðan yngis- Jósefín.

Hundar hrín' á marga máta  
meður trýnin eigi frýn  
og Jósefínan kampakáta  
klóna brýnir upp á grín.

Ein ég lá og út á ská  
auga fránu renndi, þá  
fugla sá ég fara hjá  
flugi á um loftin blá.

Á fluguveiðar arka ein  
ýfir feldinn sumarblær,  
litla skáld á grænni grein,  
grettir sig og bara hlær.

Í feld sinn kollinn hváta lætur,  
kúrir bæði dag'og nætur,  
ætlar sér sko ekki'á fætur,  
úti regnið grætur.

Ég er fagur femínisti og fer á kostum,  
malandi læt rímið renna,  
raula fyrir málstað kvenna.

Þó að fress í fúlu skapi fussi og svei-i  
rófu mína loðna og langa  
legg ég undir gulan vanga.

Á víðu hafi veiðihárin vindar greiða  
út á bát með rá og reiða,  
rösk að veiða

ýsuna og aðra fiska aflaklóin,  
ætla mér og er því róin  
út á sjóinn.

Tærnar á mér tíu hef og trýni þvegið  
en Eiður bara í leti legið  
litla greyið.

Eitt sinn gekk ég út í skóg,  
amma gamla skellihló,  
því ég utanundir sló  
úlfinn ljóta svo hann dó.

Nú er rófan öll á iði,  
orðum sóar Jósefín,  
bergir nóg af boðnar miði  
blessuð móinsbeðjalín.

Ég fæ mér skál af mjólk og mala í kveld  
og mannfólk læt ég strjúka gulan feld  
Sjá tíminn, það er fugl sem flýgur hratt.  
Ég fanga'ann samt í klærnar að ég held.

## XIV. Kapítuli: Egyptaland

Þangað liggur leiðin mín  
sem læðist ég í gulum draumi.  
Kattarandinn óðul sín  
á þar fjarri heimsins glaumi.

Ég var að snöfla í garðinum og fann ævaforan menningar-  
arf, egypskt kvæði sem hefur verið þýtt á gelísku og bor-  
ist á Akranes með írskum landnámsmönnum og varðveist í  
garðinum mínum.

Nefið mitt í tætlur tana  
tölti útí gula sól  
hitti Koff og Kikkilana  
og kindur uppá grænum hól.

Þessi fundur rennir styrkum stoðum undir þá tilgátu mína  
að Kikkilani og Koff, sem eru þekktir úr fornum kveðskap,  
hafi í raun verið egypskir hefðarkettir.

## XV. Kapítuli: Slitrur

Bö- nú saman ber ég -gu,  
be- ég hefi sjaldan -tri  
ví- á skrifað vefinn -su,  
vi- ég heimur kýs að -ti.



## XVI. Kapítuli: Trúarleg ljóð

Helgan tigna heimsins kött,  
himnafressið lofðung fleina,  
síðan ber á höfði hött,  
í hildi logar glyrnan eina.

Barmafullt mér boðnar ker  
beittar klær og tennur hefur  
fengið því að örlátt er  
alvaldið og mikið gefur.

Ég þarf ekki að gúggla eða grufla neitt hér  
né gá hvað menn segja og rita,  
því almættið malar í eyrun á mér  
allt sem mig langar að vita.